

Ryðvarnargrunnur og steypulím

EFNISLÝSING

Redisit er sementsbundið múrefni sem inniheldur bætiefni og veitir góða vörn gegn ryði, hefur góða bindieiginleika og þjálmi.

Redisit er þjálmt og auðvelt í notkun.

NOTKUNARSVIÐ

Redisit er notað sem ryðvarnargrunnur á steypustyrktarjárni og til að auka festu á milli nýrrar og gamallar steypu.

NOTKUNARREGLUR

Undirbúningur steypustyrktarjárns

Ryð verður að fjarlægja, þannig að stályfirborðið sé hreint (hreinleiki SA2-2,5) t.d. með sandblæstri.

Undirbúningur steypuflatar

Steypt yfirborð verður að hreinsa vel og fjarlægja alla lausar klessur og aðskotahluti. Dræga fleti verður að væta fyrir lögn.

Blöndun

Redisit þarf aðeins að blanda vatni. Hellið réttu vatnsmagni (1,6-1,8ltr) í fötu. Blandið saman vatni og dufti. Vélblöndun er ráðlögð þ.e. hefðbundin hrærivél með þeytara.

Ef hræran er talin of þykk, blandið þá með 2 desilítrum af vatni.

Látið hræruna standa í 3-4 mín og hrærið síðan aftur. Hræran er þá tilbúin til notkunar.

Vinnsla

Berið **Redisit** á með kústi eða sprautu. Þegar **Redisit** er notað sem steypulím er áriðandi að leggja efnið "blautt-í-blautt" ásamt viðgerðarefninu þ.e. að viðgerðarefnið skal leggja áður en **Redisit** fer að harðna. Lofthiti skal vera hærrí en +5°C og má ekki fara niðurfyrir +2°C fyrstu 48 klst. eftir lögn. Yfirborðshiti lagnaflatarins má ekki vera lægri en +5°C.

ÖRYGGISRÁÐSTAFANIR

Vegna heilsu-, umhverfis og öryggisstaðla er bent á HMS upplýsingablöð á:

www.mapei.com

ATHUGIÐ

Þær tæknilegu ráðleggingar og leiðbeiningar sem fram koma á þessu blaði gefa til kynna núverandi þekkingu okkar og reynslu um þetta efni.

Allar upplýsingar ber að skoða sem leiðbeinandi og gefa tilefni til mats. Hver sá sem notar þetta efni þarf að fullvissa sig um að efnið henti til þeirra verka sem á að framkvæma.

Notandinn ber sjálfur ábyrgð ef efnið er notað til annars en þess sem ráðlagt er og/eða við önnur mistök sem kunna að koma upp.

Öll afgreiðsla frá Mapei AS er háð þeim sölu- og afgreiðsluskilmálum sem eru í gildi og skoðast samþykktir við pöntun efnisins.

TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR UM REDISIT

Efnislýsing:

Bindistyrkur: 2,0 – 2,4 N/mm² eftir 7 daga
Pökkun: 4 kg fötur og 20 kg þokar

Notkunarreglur:

Vatnsnotkun: 1,6-1,8 ltr í 4 Kg fötu
8,0-9,0 ltr í 20 kg þoka
Efnisnýting: U.þ.b. 1,3 kg **Redisit** pr. ltr af hræru

Notkunartími hræru við 20°C: U.þ.b. 2 klst

Eðlisþyngd: 1,8 kg/dm³

Geymsla: Redisit skal geyma á þurrum stað og í óopnuðum upphaflegum umbúðum. Geymsluþol er þá a.m.k. 6 mánuðir.



Framleiðandi:

Mapei AS
Vallsetvegen 6, 2120 Sagstua, Norway
Tlf: +47 62 97 20 00 Fax: +47 62 97 20 99
post@mapei.no
www.mapei.com